

Hreppsnefnd Skorradalshrepps Fundur nr. 211

Miðvikudaginn 20. ágúst 2025 kl.17:00, hélt hreppsnefnd Skorradalshrepps fund á Hvanneyri. Þessir sátu fundinn: Pétur Davíðsson, Jón E. Einarsson, Guðný Elíasdóttir, Óli Rúnar Ástþórsson og Kristín Jónsdóttir.

Fundargerð ritaði: Pétur Davíðsson, hreppsnefndarmaður.

Þetta gerðist:

Almenn mál

1. Ljóspunktur ehf. - Mál nr. 2301004

Karl Hálfðánarson kemur í heimsókn og fer yfir stöðuna.

Rætt um stöðuna. PD útvegar samþykktir félagsins fyrir hreppsnefndina.

Gestir

Karl Hálfðánarson, Radiover -

2. Skólaakstur veturinn 2025-26 - Mál nr. 2507010

JEE og ÓRÁ fara yfir stöðuna.

Hreppsnefnd samþykkir að fela JEE og ÓRÁ að ganga til samninga við foreldra um akstur.

KJ vék af fundi við afgreiðslu málsins.

3. Úrsögn úr skipulags- og byggingarnefnd - Mál nr. 2508008

Þann 2.júlí 2025 sagði Ástríður Guðmundsdóttir sig frá setu í skipulags- og byggingarnefnd Skorradalshrepps.

Samþykkt er að Sigrún Þómar 1. varamaður verði aðalmaður í Skipulags- og byggingarnefnd.

2 og 3 varamaður í Skipulags- og byggingarnefnd færast þá upp og verða 1 og 2 varamaður.

Nýr 3. varamaður í skipulag- og byggingarnefnd er kjörin Gísli Rúnar Magnússon.

Sveitarstjórn þakkar Ástríði fyrir framlag hennar og vinnu í Skipulag- og byggingarnefndar.

4. Framkvæmd íbúakosninga - sameining við Borgarbyggð - Mál nr. 2508001

Oddviti fer yfir stöðuna um framkvæmd sameiningarkosninga og greiðslufyrirkomulag.

Oddviti leggur til að kjördaganna 5., 8., 10., 15. og 18. september verði kjörnefndarfólki greitt eftir tímagjaldi samkvæmt launatöflu Skorradalshrepps. Leggur einnig til að kjördaginn 20. september verði greitt eftir gjaldi vegna kjördags samkvæmt launatöflu Skorradalshrepps.

Kjörskrá mun liggja frammi á skrifstofu Skorradalshrepps og einnig hjá oddvita frá og með 22. ágúst fram að kjördegi.

PD óskar eftir, að á næsta fundi hreppsnefndar Skorradalshrepps verði lögð fram bæði ýtarleg og vel sundurliðun kostnaðaráætlun vegna væntanlegrar sameiningarkosninga í sveitarfélögunum.

Fundargerðir til staðfestingar

5. Skipulags- og byggingarnefnd - 192 - Mál nr. 2508002F

Lögð fram fundargerð frá 18. ágúst s.l.

Fundargerðin samþykkt í öllum 7 liðum.

5.1 2508007 - Umhverfisping XIV

2508003 - Áform um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna

5.2 sameiningar starfsemi Skipulagsstofnunar og Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar

5.3 2508003F - Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa - 80

5.4 2508005 - Fitjahlíð 13, merkjalýsing

5.5 2309002 - Aðalskipulag Borgarbyggðar 2025-2037

5.6 2508006 - Syðstu-Fossar, 10342025-Grenndarkynning framkvæmdaleyfis

5.7 2508004 - Skógrækt í landi Varmalækjar-matsáætlun

Fundargerðir til kynningar

6. Fundur verkefnahóps um formlegar sameiningarviðræður Borgarbyggðar og Skorradalshrepps - Mál nr. 2404011

Lagðar fram fundargerðir nr.12 og 13.

PD óskaði eftir að bóka eftirfarandi:

"Ég legg fram hér bókun vegna framlagningu fundargerða samstarfsnefndarinnar.

Minni á bókun mína er varðar gögn samstarfsnefndarinnar frá síðasta hreppsnefndarfundi. Sjö daga fresturinn er að renna út.

Óska ég einnig eftir að, á næsta fundi hreppsnefndar Skorradalshrepps verði einnig lagt fram sitthvort kostnaðar- og tekjufirlitið vegna bæði óformlegu og formlegu viðræðnanna frá upphafi og til dagsins í dag á milli sveitarfélaganna.

Einnig afrit af öllum reikningum og fylgiskjölum þeirra. Vísa ég til 21. gr. samþykktu um stjórn sveitarfélagsins Skorradalshrepps um aðgang sveitarstjórnarmanna að gögnum er varðar sveitarfélagið. Gögnin mega afhentast rafrænt. Jafnframt verði lagt fram á næsta hreppsnefndarfundi sem sér dagskrármál.

Pétur Davíðsson"

7. Sameiginleg kjörstjórn Borgarbyggðar og Skorradalshrepps vegna sameiningarkosninga. - Mál nr. 2508002

Lagðar fram fundargerðir nr. 3 og 5.

PD óskar eftir að bóka eftirfarandi:

"Ég geri athugasemd við lið 9 í fundargerð nr. 5.

Ekki er búið að leggja fyrir sveitarstjórn Skorradalshrepps tillögu að atkvæðaseðlinum, samþykkja hann og fá staðfestingu Innviðaráðuneytisins á honum sbr. b. lið í 17 gr. reglugerðar um íbúakosningar. Óska ég eftir að tillaga að atkvæðaseðlinum verði lögð fyrir sveitarstjórn til afgreiðslu.

Jafnframt óska ég eftir að kostnaðaráætlun vegna sameiningarkosninganna verði lögð fram á næsta fundi hreppsnefndar Skorradalshreppar. Verði þar á fundinum sem sér dagskrámál.

Minni síðan á bókun mína frá síðasta fundi varðandi sameiginlega kjörstjórn sveitarfélaganna og beiðni um gögn er varðar hana. Sjö daga fresturinn er að renna út og engin gögn hafa verið lögð fyrir þennan fund.

Pétur Davíðsson"

Skipulagsmál

8. Fitjahlíð 13, merkjalýsing - Mál nr. 2508005

Á 192. fundi Skipulags- og byggingarnefndar var tekin fyrir stækkun lóðarinnar Fitjahlíðar 13, skráð stærð er 2000 m², verður 3241,6 m² samkvæmt merkjalýsingu.

Hreppsnefnd staðfestir afgreiðslu Skipulags- og byggingarnefndar frá fundi nr. 192.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 20:30.

Pétur Davíðsson

Jón E. Einarsson

Guðný Elíasdóttir

Óli Rúnar Ástþórsson

Kristín Jónsdóttir